

Grundarfirði 19.10.2022

Kirkjuþing 2022 - 2023

Umsögn vegna mála nr. 08. og 12.

Sóknarnefnd Setbergssóknar leggst gegn því að prestbústaðurinn að Eyrarvegi 26 Grundarfirði verði seldur.

Fasteignamarkaðurinn í Grundarfirði er erfiður. Lítil hreyfing er á eignum í hæfilegri stærð og leigumarkaður er ótryggur. Hefur svo verið til margra ára. Veðurfarslegar aðstæður gera það að verkum að búseta prests í Grundarfirði er algjör nauðsyn.

Starfsöryggi presta er allt annað en var. Það dregur úr prestum að fjárfesta í eigin húsnæði úti á landi.

Lítil samfélög hafa marga kosti en einnig lesti. Einn af löstunum getur verið smæðin og nálægðin en að sjálfsögðu er það oftast kostur. Hagsmunaárekstar geta auðveldlega skapast þar sem fámennið er og gert það að verkum að presturinn geti ekki sinnt starfi sínu eins og vera ber vegna þeirra. Hvort sem leigusali fasteignarinnar sé einstaklingur eða sóknin sjálf. Þess vegna eru kostir þess að leigusali sé ekki hluti af samfélaginu, eins og Þjóðkirkjan, mikill kostur.

Virðingarfyllst,
f.h. Setbergssóknar,

Guðrún Margrét Hjaltadóttir
formaður